



Að VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er m.a. að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.virk.is](http://www.virk.is).

## Öflugur sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og úrvinnslu gagna

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður leitar að öflugum og metnaðarfullum sérfræðingi til að hafa umsjón með þróun og uppbyggingu á upplýsingatækni og upplýsingakerfum innan VIRK, sjá um tölfræðilega úrvinnslu gagna og taka þátt í þróun á mismunandi árangursmælikvörðum. Um er að ræða fullt starf.

### Upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir  
elisabet@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir  
vaka@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).

### Verkefni eru meðal annars:

- Þjónusta við starfsmenn og ráðgjafa VIRK vegna notkunar á upplýsingakerfum, þar á meðal notendabjónusta og aðgangsstýringar
- Umsjón með frekari þróun og breytingum á sviði upplýsingatækni hjá VIRK
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Umsjón með skýrslugerð og upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda
- Þróun og framsetning á árangursmælikvörðum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og tölfræðilegri úrvinnslu gagna
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki, jákvætt viðmót, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STARF

# REKTORS

Listaháskóli Íslands er miðstöð æðri listmenntunar á Íslandi og hefur viðurkenningu stjórnvalda á fræðasviði lista. Einkunnarorð skólans og leiðarljós eru: **forvitni - skilningur - áráði.**

### Rektor allra listgreina

Eldmóður og skýr framtíðarsýn fyrir listir og hönnun þarf að einkenna rektor Listaháskóla Íslands. Mikilvægt er að rektor hafi listræna yfirsýn, þekkingu og innsæi. Rektor þarf að vera áráðinn og frjór og njóta virðingar og trausts innan hins akademíska samfélags og meðal listamanna. Sem opinber málsvari og talsmaður skólans þarf hann að vera ritfær og geta komið vel fyrir sig orði á opinberum vettvangi.

**Rektor er æðsti stjórnandi** Listaháskólans og annast rekstur og stjórnun í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðasviðinu listir og starfar samkvæmt lögum um háskóla 63/2006. Skólinn starfar í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, leiklistar- og dansdeild, og listkennsludeild. Nemendur eru um 480, þar af einn fimmtí á meistarastigi. Skólinn starfar á þremur stöðum í Reykjavík: Þverholti, Sölvhólsgötu, og Laugarnesvegi.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf í listum og/eða listtengdum greinum
- Yfirgrípsmikil reynsla af listsköpun og/eða akademísku starfi getur verið metin jafngild ofangreindum menntunarkröfum
- Umtalsverð reynsla af starfi í listsköpun og/eða af akademísku starfi ásamt stjórnunarreynslu
- Leiðtogahæfni, innsæi og lipurð í samskiptum

**Hæfisnefnd** verður skipuð af stjórn þegar umsóknir liggja fyrir. Nefndin hefur það hlutverk að meta menntun, reynslu og hæfi umsækjenda. Farið er með nöfn umsækjenda sem trúnaðarmál. Umsækjendur þurfa þó að vera reiðubúnir að standa frammi fyrir lokuðum hópi stjórnenda innan skólans og gera grein fyrir sinni framtíðarsýn fyrir Listaháskóla Íslands. Stjórn tekur endanlega ákvörðun um ráðningu og er rektor ráðinn til fimm ára í senn frá og með 1. ágúst 2013.

Umsóknum skal skila á aðalskrifstofu skólans að Þverholti 11, Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 3. janúar næstkomandi. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

### Upplýsingar um starfið veita:

Gunnhildur Arnardóttir [gunnhildurarnar@ceohuxun.is](mailto:gunnhildurarnar@ceohuxun.is)  
og Trausti Harðarson [traustihardar@ceohuxun.is](mailto:traustihardar@ceohuxun.is)



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS  
Iceland Academy of the Arts

[www.lhi.is](http://www.lhi.is)



## Stjórnendastöður á Vísinda- og þróunarviði

Landspítali auglýsir lausar til umsóknar fjórar stjórnendastöður á nýju Vísinda- og þróunarviði spítalans. Um er að ræða stöður yfirlækna eða deildarstjóra á fjórum deildum sem tilheyra hinu nýja sviði sem verður undir sameiginlegri stjórn framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga. Deildirnar fjórar eru Flæðisdeild, Gæða- og sýkingavarnardeild, Vísindadeild og Menntadeild. Starfshlutfall er 100% og veitast störf frá 1. febrúar 2013, til 5 ára. Gert er ráð fyrir að stjórnendurnir fjórir myndi öfluga liðsheid.

### Flæðisdeild

#### Helstu verkefni og ábyrgð stjórnanda Flæðisdeildar:

- » Forysta, samhæfing, stuðningur, ráðgjöf og eftirlit í samvinnu við önnur svið spítalans varðandi eftirfarandi verkefni og málefni tengd þeim:
  - » Flæði sjúklinga
  - » Virka þátttöku sjúklinga í meðferð
  - » Sjúklingafræðslu
  - » Samskipti við samstarfsstofnanir
  - » Eflingu öryggismenningar
- » Ber ábyrgð á rekstri, framþróun, mannafla og áætlanagerð deildarinnar
- » Stuðlar að þróun þekkingar með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður til stöðugra umbóta í starfsemi
- » Tryggir árangursríkt samstarf við aðrar deildir spítalans og samstarfsstofnanir, með öryggi sjúklinga að leiðarljósi
- » Þróun og nýting árangursvísa

#### Hæfnikröfur:

- » Menntun í heilbrigðisvísindum
- » Reynsla af stjórnun
- » Framhaldsmenntun
- » Framúrskarandi samskiptahæfni
- » Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Vísindadeild

#### Helstu verkefni og ábyrgð stjórnanda Vísindadeildar:

- » Forysta, samhæfing, stuðningur, ráðgjöf og eftirlit í samvinnu við önnur svið spítalans varðandi eftirfarandi verkefni og málefni tengd þeim:
  - » Vísindastarf
  - » Stuðning við vísindamenn
  - » Hagnýtingu þekkingar í þágu sjúklinga
  - » Klínískt rannsóknarsetur og nýsköpun
  - » Eflingu öryggismenningar
  - » Starf siðanefndar og vísindaráðs
- » Ber ábyrgð á rekstri, framþróun, mannafla og áætlanagerð deildarinnar
- » Stuðlar að þróun þekkingar með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður til stöðugra umbóta í starfsemi
- » Tryggir árangursríkt samstarf við aðrar deildir spítalans og samstarfsstofnanir, með öryggi sjúklinga að leiðarljósi
- » Stuðlar að árangursríku samstarfi við Háskóla Íslands og aðra innlenda og erlenda háskóla, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki
- » Þróun og nýting árangursvísa

#### Hæfnikröfur:

- » Menntun og framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
- » Reynsla af stjórnun og vísindastarfi
- » Akademískt hæfi
- » Framúrskarandi samskiptahæfni
- » Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Gæða- og sýkingavarnardeild

#### Helstu verkefni og ábyrgð stjórnanda Gæða- og sýkingavarnardeildar:

- » Forysta, samhæfing, stuðningur, ráðgjöf og eftirlit í samvinnu við önnur svið spítalans varðandi eftirfarandi verkefni og málefni tengd þeim:
  - » Gæði klínískrar þjónustu
  - » Atvikaskráningu, úrvinnslu atvika og stöðugar umbætur
  - » Kvartanir og kærur
  - » Sýkingavarnir
  - » Þróun sjúkraskrár
  - » Eflingu öryggismenningar
- » Ber ábyrgð á rekstri, framþróun, mannafla og áætlanagerð deildarinnar
- » Stuðlar að þróun þekkingar með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður til stöðugra umbóta í starfsemi
- » Tryggir árangursríkt samstarf við aðrar deildir spítalans og samstarfsstofnanir, með öryggi sjúklinga að leiðarljósi
- » Þróun og nýting árangursvísa

#### Hæfnikröfur:

- » Menntun í heilbrigðisvísindum
- » Reynsla af gæðastjórnun eða umbótaverkefnum
- » Framhaldsmenntun
- » Framúrskarandi samskiptahæfni
- » Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Menntadeild

#### Helstu verkefni og ábyrgð stjórnanda Menntadeildar:

- » Forysta, samhæfing, stuðningur, ráðgjöf og eftirlit í samvinnu við önnur svið spítalans varðandi eftirfarandi verkefni og málefni tengd þeim:
  - » Grunnmenntun heilbrigðisstétta á spítalanum
  - » Skipulag framhaldsmenntunar og framhaldsmenntunarráðs
  - » Fagleg starfsþróun heilbrigðisstétta
  - » Eflingu öryggismenningar
- » Ber ábyrgð á rekstri, framþróun, mannafla og áætlanagerð deildarinnar
- » Stuðlar að þróun þekkingar með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður til stöðugra umbóta í starfsemi
- » Tryggir árangursríkt samstarf við aðrar deildir spítalans og samstarfsstofnanir, með öryggi sjúklinga að leiðarljósi
- » Stuðlar að árangursríku samstarfi við Háskóla Íslands og aðra innlenda og erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir
- » Þróun og nýting árangursvísa

#### Hæfnikröfur:

- » Menntun og framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
- » Reynsla af stjórnun og vísindastarfi
- » Akademískt hæfi
- » Framúrskarandi samskiptahæfni
- » Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2013.
- » Upplýsingar veita Sigríður Gunnarsdóttir (sigridgu@landspitali.is, sími 543 1103) og Ólafur Baldursson (olafald@landspitali.is, sími 543 1103), framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- » Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga, Landspítala, Eiríksögütu 5, 101 Reykjavík.

Capacent Ráðningar

## YFIRMAÐUR FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS



Norðursigling er fjölskyldufyrirtæki, stofnað á Húsavík árið 1995. Fyrirtækið býður upp á hvalaskoðun frá Húsavík og Eyjafirði, skútusiglingar sem og ævintýrasiglingar á Grænlandi. Bátar félagsins eru 7 talsins, þar af 3 seglskip. Norðursigling á og rekur einnig veitingastaðinn Gamla Bauk og kaffihúsið Skuld. Starfsfólk er að jafnaði um 15 manns yfir vetrartímann en talan fer allt upp í 100 manns yfir sumartímann.

Húsavíkurslippur ehf. (dótturfélag Norðursiglingar ehf.) óskar eftir að ráða yfirmann viðhalds og framkvæmda. Um nýtt heilsársstarf er að ræða. Húsavíkurslippur sér um viðhald báta og fasteigna Norðursiglingar ehf. Félagið annast einnig slíptöku annarra báta og ýmsa vinnu henni tengdri.

### Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi báta og fasteigna
- Umsjón með verkstæði og athafnasvæði
- Verkstýring nýframkvæmda
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana í samvinnu við framkvæmdastjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn og mannaforráðum
- Reynsla af gerð verkáætlana og framkvæmd þeirra
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til þess að vinna sjálfstætt og í hópi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI



Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð var sett á laggirnar á árinu 2011 með það að markmiði að stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja á Íslandi. Festa er sjálfstætt félag en stofnaðilar eru Íslandsbanki, Landsbankinn, Landsvirkjun, Rio Tinto Alcan, Síminn og Össur. Miðstöðin er staðsett í Háskólanum í Reykjavík.

### Helstu verkefni

- Daglegur rekstur
- Samskipti við stjórn og samstarfsaðila
- Skipulagning og stjórn á viðburðum
- Öflun nýrra félaga
- Tengiliður við háskólasamfélagið
- Erlend samskipti

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á viðfangsefninu
- Frumkvæði og framsýni
- Ríkir samstarfshæfileikar og hæfni til að leiða saman ólíka hópa fólks
- Heilindi og vinnusemi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku. Kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## Skipaumsjónarmanneskja á ferðaskrifstofu Vesturferða óskast

Ferðaskrifstofan Vesturferðir á Ísafirði sér m.a. um að taka á móti skemmtiferðaskipum

sem koma til Ísafjarðar á sumri hverju. Við leitum því að mjög duglegri, sveigjanlegri og samvinnufúsri manneskju með framúrskarandi skipulagshæfni í starf umsjónarmanneskju skemmtiferðaskipa.

Verkefnið fellst í skipulagningu og umsjón afþreyingar til skemmtiferðaskipa.

Ef þú ert tilbúin/n í krefjandi starf í skemmtilegu vinnuumhverfi, sendu okkur umsóknina þína.

Ráðningartími er frá 15. mars til lok september 2013 en framtíðarmöguleikar eru hugsanlegir.

**Umsóknarfrestur:** 6. janúar

**Starf:** skipaumsjónarmanneskja

**Netfang:** nancy@vesturferdir.is



Vesturferðir, Aðalstræti 7, 400 Ísafirði



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Setbergsskóli

**Staða íþróttakennara er laus til umsóknar**

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og umsagnaraðila óskast sendar á netfang skólustjóra.

Upplýsingar gefur Hrönn Bergþórsdóttir í síma 565 1011/664 5881 hronnb@setbergsskoli.is  
Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2012.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



**Við óskum eftir í fullt starf:**

Faglærðum bifvélavirkja / vélvirkja eða ófaglærðum manni vönum viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Einungis maður með viðtæka reynslu kemur til greina. Viðkomandi þarf að hafa rafsúðukunnáttu og geta unnið sjálfstætt, vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipt.

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899-6810. Umsóknir skulu sendar á veffangið mummi(hjá)vvehf.is.



MOSFELLSBÆR

## Skjalastjóri Mosfellsbæjar

**Laust er til umsóknar starf skjalastjóra á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar**

Skjalastjóri gegnir lykilhlutverki í stefnumótun og eftirfylgni með skjalastjórnun Mosfellsbæjar og ber ábyrgð á því að farið sé að gildandi lögum og reglum um skjalavistun opinberra aðila og sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember 2012.**

Sjá nánar auglýsingu á vef Mosfellsbæjar:  
<http://mos.is/Lesafrett/skjalastjorimosfellsbaejar>.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær  
Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.

Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar.

## Sérfræðingur í vörustjórnun

Sérfræðingur í vörustjórnun annast gerð framleiðsluáætlana, pantanir á aðföngum og samskipti við innlenda og erlenda birgja. Viðkomandi greinir ferla og lykilorð vörustjórnunar með það að markmiði að lágmarka framleiðslukostnað og fjárbindingu.

### Starfssvið:

- Gerð framleiðsluáætlana
- Pantanir á aðföngum og stýring birgða
- Dagleg samskipti við framleiðslu- sölu- og markaðssvið vegna framleiðsluáætlunar
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Þátttaka í Demand Planning hóp
- Greiningar á ferlum og lykilorð vörustjórnunar
- Vinna við umbótaverkefni í tengslum við vörustjórnun
- Þátttaka í uppbyggingu og rekstri gæðakerfis
- Samskipti við TCCC vegna verkefna tengdum innkaupum og framleiðslu

### Hæfniskröfur:

- Grunn- og framhaldsháskólamenntun á sviði verkfræði eða viðskipta
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Færni í Excel og úrvinnslu gagna
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Sjálfstæð vinnubrögð og greinandi hugsun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í hópi
- Geta til að vinna undir álagi og bera ábyrgð

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.



### Nánari upplýsingar veita:

Inga S. Arnardóttir, [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)  
Elísabet Sverrisdóttir, [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)  
Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)  
Umsóknarfrestur er til og með **1. janúar 2013**.

BPO - www.bpo.is



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Proskapjálfi eða sérfræðingur

**Félagsþjónustan í Hafnarfirði leitar að einstaklingi til starfa við þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk á Drekaöllum.**

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Gerð einstaklings- og þjónustuáætlana
- Gerð þjálfunargagna
- Veita fötluðu fólki stuðning og ráðgjöf við athafnir daglegs lífs
- Móta verklagsreglur og fylgja þeim eftir
- Veita starfsfólki fræðslu og handleiðslu í starfi

### Hæfniskröfur:

- Proskapjálfnám eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum með þroskaskertu fólki og með fólki með geðraskanir
- Faglegur metnaður í starfi og áhugi á málefnum fatlaðs fólks ásamt ríki þjónustulund og þolinmæði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð, aldurskilyrði 26 ár

- Spennandi og lærdómsríkt starf í vaktavinnu
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Góður samstarfshópur
- **Upplýsingar um starfið veitir:** Stella Á. Kristjánsdóttir, verkefnastjóri þjónustuíbúða og frekari liðveislu sími 544-2360

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælendum skal senda á netfangið [stellak@hafnarfjordur.is](mailto:stellak@hafnarfjordur.is) **Umsóknarfrestur er til 20. desember 2012.**

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

## intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5  
108 Reykjavík  
Sími 511 1225  
www.intellecta.is



Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupfélag Skagfirðinga svf. er samvinnufélag í blönduðum rekstri. Helstu rekstrareiningarnar eru mjólkurafurðarstöð, kjötafurðastöð, þjónusta og verslunarrekstur. Dótturfélög KS eru FISK Seafood, Fóðurblandan, Vörumiðlun o.fl. Heildarvelta KS og dótturfélag er 28 milljarðar og starfsmenn eru rúmlega 700. Félagið leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð sína og að hagsmunir þess fari saman með íbúum héraðsins. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.ks.is](http://www.ks.is)

## Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Kaupfélag Skagfirðinga óskar eftir að ráða verkefnastjóra í upplýsingatækni.

### Starfssvið:

- Þjónusta við notendur á tölvukerfum innan fyrirtækisins
- Verkefnastjórnun og eftirfylgni verka gagnvart þjónustuaðilum upplýsingakerfa félagsins
- Aðgangsstýring að upplýsingakerfum
- Ábyrgð á og umsjón með heildarkeyrslu upplýsingakerfa fyrirtækisins
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu og viðhaldi upplýsingatækni kerfa
- Önnur verkefni t.d. seta í öryggisráði

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla í upplýsingatækni
- Þekking og/eða reynsla af rekstri Navision-kerfis eða sambærilegra kerfa
- Fjármála- og bókhaldsþekking er mikill kostur
- Microsoft þekking – Microsoft gráður
- Reynsla af öryggisstjórnun í upplýsingatækni er kostur
- Reynsla af þátttöku í stefnumótun og innleiðingu í upplýsingatækni
- Starfið gerir kröfur um sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð og ríka þjónustulund

### Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson,  
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Ný hugsun nýtt tækifæri í nýrri verslun!

Í upphafi árs opnar Advania nýja verslun í Guðrúnartúni 10. Því leitum við logandi ljósi að frábærum starfskrafti sem passar við stemninguna á staðnum.

Okkur vantar duglegan, metnaðarfullan og jákvæðan einstakling sem er klár í slaginn og ólmur í að takast á við nýjar áskoranir. Ef þú getur sett „tökk“ við þessa þætti og hefur líka ríka þjónustulund og brennandi áhuga á tækni – ættir þú að íhuga málið. Starfið felst í að taka vel á móti og þjónusta viðskiptavinum Advania, ásamt því að veita ráðgjöf um fjölbreytt lausna- og vöruframboð fyrirtækisins. **Dagleg áskoron er að fara fram úr væntingum viðskiptavina.**

### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Góð tækniþekking
- Þekking á Navision er æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, kraftur og ódrepani áhugi á lífinu og tilverunni
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund

Advania er eitt stærsta upplýsingatækniyrirtæki Norðurlanda og einn skemmtilegasti vinnustaður landsins. Félagslífið er fjölbreytt, matur og kaffi snilld og vinnuaðstaðan frábær (þreksalur og allt).

Hægt er að sækja um starfið á [www.advania.is/atvinna](http://www.advania.is/atvinna) fyrir 28. desember 2012.

Nánari upplýsingar veitir Jónína Guðmundsdóttir, [nina@advania.is](mailto:nina@advania.is) eða í síma 440 9000.

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | [advania@advania.is](mailto:advania@advania.is) | [www.advania.is](http://www.advania.is)





Norlandair er flugfélag á Akureyri. Félagið leggur áherslu á leiguflug á Grænlandi ásamt því að sinna áætlunarflugi frá Akureyri til Vopnafjarðar, Þórshafnar, Grímseyjar og Constable Pynt á Grænlandi.

## Norlandair auglýsir eftir flugmönnum til starfa á Twin Otter DHC-6 og flugstjóra á B200 King Air með aðsetur á Akureyri.

### Hæfniskröfur

- Gilt Atvinnuflugmannsskírteini
- Gild Blindflugsáritun (IR)
- Gild fjölhreyflaáritun (MEP)
- Hafa lokið námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC)
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Lágmarkstímakröfur flugmanns eru 800 heildarflugstundir

### Eftirfarandi þarf að fylgja umsókninni

- Afrit af flugskírteini
- Afrit af heilbrigðisvottorði
- Afrit af sakavottorði
- Afrit af einkunum bóklegs atvinnuflugnáms
- Sundurlíðun á flugtímum og afrit af síðustu 100 klst. úr loggbók
- Ferilskrá (CV)

Umsóknir óskast sendar á skj@norlandair.is eigi síðar en **22. desember 2012**. Einnig má skila umsóknum í umslagi merktu Atvinnu-umsókn Norlandair, Akureyrarflugvelli, 600 Akureyri. Upplýsingar í síma 414-6960.



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN  
SKÚLAGATA 4, 121 REYKJAVÍK,  
P.O. BOX 1390, S: 575 2000

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldistöð í eldi sjávarlívera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 150 starfsmenn í þjónustu sinni.

## Staða aðstoðarforstjóra fjármála hjá Hafrannsóknastofnuninni er laus til umsóknar

Aðstoðarforstjórinn skal vera forstjóra til aðstoðar við fjármálegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Hann ber ábyrgð gagnvart forstjóra á að meðferð fjármála hjá stofnuninni fari eftir settum lögum, reglum og markmiðum stofnunarinnar.

### Helstu verkefni eru

- Dagleg fjármálastjórn
- Umsjón með áætlanagerð
- Starfsmannahald
- Skiparekstur

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórnun
- Þekking og reynsla af áætlanagerð
- Stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Miðað er við að ráðið verði í stöðuna í mars 2013. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri, sími 575 2000 (margret@hafro.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar n.k.** og skal umsóknum skilað til Hafrannsóknastofnunarinnar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða á netfang margret@hafro.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem rökstudd er hæfni viðkomandi í starfið og gerð grein fyrir ástæðu umsókna.



## Umsjón með mótuneyti 100% starf

Íðnskólinn í Hafnarfirði óskar eftir að ráða matreiðslumeistara eða starfsmann vanann mótuneytisrekstri til starfa við skólann frá 1. febrúar 2013.

Starfið felst í að sjá um að hafa á boðstólum morgunverð, hádegisverð og síðdegiskaffi fyrir nemendur og starfsfólk. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði um heilsueflandi framhaldsskóla. Reiknað er með að sá sem ráðinn verður í starfið hafi hönd í bagga með ráðningu annarra starfsmanna í mótuneytið. Við Íðnskólinn í Hafnarfirði eru starfandi 70 starfsmenn og um 600 nemendur. Leitað er eftir starfsmanni með ríka þjónustulund og útsjónarsemi við matargerð.

Umsókn þarf ekki að vera á sérstöku eyðublaði. Með umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrri störf, meðmælendur og menntun. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið arsaell@idnskolin.is eða á heimilisfang skólans: Íðnskólinn í Hafnarfirði, Flatahrauni 12, 220 Hafnarfjörður.

**Umsóknarfrestur er til 29. desember 2012.**

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af rekstri mótuneyta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ársæll Guðmundsson, skólameistari á netfanginu arsaell@idnskolin.is eða í síma 895 2256. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staðan losnar á ný.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans <http://www.idnskolin.is/>.

Skólameistari

## VEFFORRITARI

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir forritara til starfa á tölvu- og netsviði skólans. Starfið felur í sér forritun og viðhald á vefsíðu skólans, uppsetningu vefþjóna og gagnagrunna og umsjón með þeim, auk tilfallandi verkefna.

### Hæfniskröfur

- Þekking á Python og sérstaklega Django vefumhverfinu.
- Þarf að vera vel að sér í Linux kerfum, sérstaklega Debian og Ubuntu.
- Góð javascript/jQuery kunnátta, þekking á Backbone.js og Bootstrap er kostur.
- Þekking á Nginx og Postgres er kostur.
- Almenn þekking á sýndarumhverfi.

**Leitað er að fjölhæfum einstaklingi** sem er lipur í samskiptum og á auðvelt með að starfa með öðrum. Starfið krefst þess að viðkomandi geti starfað sjálfstætt, tekið frumkvæði en jafnframt verið opin fyrir ólíkum leiðum í úrlausn verkefna.

Listaháskólinn er sjálfseignarstofnun og hefur viðurkenningu sem háskóli á fræðasviði lista. Skólinn starfar á þremur stöðum í borginni, í Laugarnesi, á Sölvhólsgötu og í Þverholti, þar sem er aðalaðsetur tölvu- og netsviðs. Alls starfa þrír starfsmenn í fullu starfi á sviðinu.

Gert er ráð fyrir að ráðningin taki gildi í janúar 2013. Upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður tölvu- og netsviðs, Ágúst Loftsson, í síma 899 9081 og á netfanginu agust@lhi.is.

### Umsókn skal skila á háskólaskrifstofu

Listaháskóli Íslands, Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 7. janúar.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts



ÁL-  
DÓSIR  
GLER-  
FLÓSKUR  
PLAST-  
FLÓSKUR

## Endurvinnslan óskar eftir starfsmanni í fullt starf í móttöku

### Fjölbreytt starf í boði á góðum og traustum vinnustað.

Vinnutími er 9:30 – 17:00 auk þess sem eitthvað er um yfirvinnu. Konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um. Vinsamlegast sendið umsóknir á ha@evhf.is

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989. Endurvinnslan sér eitt um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. 60 umboðsaðilar starfa fyrir félagið um allt land.

[www.endurvinnslan.is](http://www.endurvinnslan.is)



## Vélvirki/ Járniðnaðarmaður



Björgun ehf óskar eftir vélvirkja eða járniðnaðarmanni, sem flokkstjóra. Starfið fellst í almennri viðgerðarvinnu, járnsmíði og verkstjórn. Óskað er eftir jákvæðum og liprum einstakling með víðtæka reynslu.

Upplýsingar sendist á johann@bjorgun.is eða í síma 563 5600 milli kl.08-17 virka daga.

## Uppsetningarmaður óskast

Óskum eftir að ráða mann til uppsetninga á gluggatjöldum.

Leitað er eftir þjónustuliprum einstaklingi sem er laghentur og sem getur unnið sjálfstætt. Krafist er reglusemi og stundvísi.

Áhugasamir sendi inn umsóknir í tölvupósti á kolbeinn@solar.is fyrir 23. desember




**Ulvik herad**  
-Perla i Hardanger-  
**NORGE**

Har du lyst å flytte til Norge?

Ledig stilling for  
**SJUKEPLEIAR 100%**  
Rekrutteringsløn for nyutdanna

For meir informasjon: [www.ulvik.kommune.no](http://www.ulvik.kommune.no)  
Teneste: Pleie og omsorg. Søknadsfrist: 21.12.2012



## Rekstrarstjóri rafmagns

Rekstrarsvið Landspítala auglýsir laust til umsóknar starf rekstrarstjóra rafmagns.

Landspítali er í um 150 þúsund fermetrum húsnæðis sem búið er fjölbættum rafkerfum, allt frá háspennnum inntökum yfir í lágspennit sjúkrakallkerfi. Rekstrarstjóri rafmagns ber ábyrgð á rafkerfum spítalans og skipuleggur og stjórnar starfsemi sem tengist þeim í samræmi við stefnu og gildi Landspítala. Hann skal tryggja að rafkerfi spítalans uppfylli kröfur sem spítalinn og opinberir eftirlitsaðilar setja, svo sem um rekstraröryggi, uppsetningu, frágang o.s.frv.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Tryggja að rafkerfi Landspítala uppfylli kröfur og að rekstraröryggi sé mikið.
- » Verkefnastjórnun.
- » Hafa yfirsýn yfir aflkerfi, öryggiskerfi, IT-kerfi, rekstur, fyrirbyggjandi viðhald og breytingar.
- » Gera kostnaðaráætlunir og viðhafa kostnaðargát í verkum.
- » Koma fram fyrir stofnunina sem verkkaupi bæði gagnvart verktökum og hönnuðum.
- » Fylgja eftir öryggisstjórnunarkerfi gagnvart lágspennukerfum.
- » Ábyrgðarmaður lágspennukerfa gagnvart opinberum yfirvöldum (CB-löggilding).
- » Þátttaka í innleiðingu orkustjórnunaraðals ISO 50001.
- » Þátttaka í undirbúningi nýbygginga Landspítala.

### Hæfniskröfur

- » Háskólapróf í rafmagnstæknifræði eða -verkfræði, rafiðnifræðingur með víðtæka reynslu kemur líka til greina.
- » Æskilegt að viðkomandi hafi menntun og starfsreynslu sem rafvirk.
- » Reynsla af stjórnun verkefna er æskileg.
- » Góðir samskiptahæfileikar.
- » Frumkvæði.
- » Hæfni til tjáningar í ræðu og riti.
- » Góð tölvuþekking og vilji til að tileinka sér nýjungar í tölvu- og hugbúnaðarmálum.

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 02.01.2013
- » Starfshlutfall er 100%
- » Upplýsingar veita: Kristján Guðlaugsson deildarstjóri, netfang kristj@landspitali.is, sími 825 3508 og Ingólfur Þórisson framkvæmdastjóri, netfang ingolfth@landspitali.is, sími 824 5290

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa sviðsstjóra á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þjónar fagskrifstofum sviðsins og yfirstjórn, meðal annars stoðþjónustu en að auki samningagerð og lögfræðilegum úrlausnarefnum. Hún ber einnig ábyrgð á almennum samskiptum við borgarana vegna mála sem heyra undir sviðið.

## Deildarstjóri gæða- og öryggismála

Verkefni skrifstofunnar heyra undir fjórar deildir, en þær eru auk fjármála- og mannauðsþjónustu, skjalavarsla og deild sem annast gæði og öryggismál. Staða deildarstjóra gæða- og öryggismála er hér með auglýst til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem vill ná árangri í starfi. Um nýtt starf er að ræða og mun deildarstjórinn taka þátt í mótun starfsins og starfseminnar í samvinnu við skrifstofustjóra og yfirstjórn.

### Helstu verkefni deildarstjóra eru:

- Fagleg ábyrgð og stjórnun daglegra verkefna sem heyra undir deildina.
- Forgangsröðun og samræming verkefna innan deildarinnar og við aðrar deildir.
- Þátttaka í gerð fjárhagsáætlunar og ábyrgð á framkvæmd rekstraráætlunar og að hagkvæmni í rekstri sé tryggð.
- Ábyrgð á samræmingu og uppbyggingu umhverfsvottunarkerfis, til samræmis við ISO 14001 gæðastaðal, gæðastefnu og gæðamarkmið sviðsins.
- Ábyrgð á uppbyggingu gæðastjórnunarkerfis og innleiðingu, til samræmis við ISO 9001 gæðastaðal, gæðastefnu og gæðamarkmið sviðsins.
- Ábyrgð á ritstjórn, rekstri, uppfærslu og þróun gæðakerfis.
- Umsjón með vottun gæðakerfis og innri úttektum á grundvelli gæðakerfis.
- Ábyrgð á samræmingu og uppbyggingu stjórnunarkerfa og vistun rekstrarskjala í samráði við skjalahóp.
- Ábyrgð á að gæðakerfið uppfylli kröfur nýrra skipulagslaga nr. 123/2010, nýrra mannvirkjalaga nr. 160/2010 og nýrrar byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
- Greining, stefnumörkun, framkvæmd og eftirfylgni öryggismála.
- Stefnumótun og ráðgjöf við uppbyggingu og þróun almennra öryggismála hjá sviðinu í samvinnu við stjórnendur.
- Ábyrgð á skipulagningu og umsjón með neyðarstjórnun.
- Tengiliður sviðsins við stofnanir sem öryggis- og vinnuverndarmál heyra undir.
- Áhættugreining í samvinnu við ytri og innri aðila.
- Ábyrgð á þróun og mótun öryggismála í samráði við aðra stjórnendur, yfirsýn og eftirlit með þessum málum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði gæða- eða verkefnastjórnunar.
- Nokkurra ára reynsla af sambærilegu starfi.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla af stjórnun verkefna.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Upplýsingar um starfið veita Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri [orn.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:orn.sigurdsson@reykjavik.is) og Ásdís Ásbjörnsdóttir, mannauðsstjóri [asd.is.asbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:asd.is.asbjornsdottir@reykjavik.is)

**Umsóknum skal skilað fyrir 4. janúar nk.** rafrænt á vef Reykjavíkurborgar.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Sölustjóri Porsche

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða framsækinn einstakling í starf sölustjóra Porsche bifreiða.

### Helstu verkefni:

- Sala nýrra og notaðra Porsche bifreiða
- Innkaup bifreiða og samskipti við birgja
- Þátttaka í markaðsmálum og skipulagi viðburða og sýninga
- Skýrslugjöf til Porsche og yfirstjórnar
- Móttaka viðskiptavina

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og mikla söluhæfileika
- Reynsla af sölumennsku
- Áhugi og þekking á bílum
- Viðskiptafræðimenntun eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni í samskiptum
- Frumkvæði, eldmóður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ragnarsson í síma 590 2063. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á tölvutæku formi til [bjorn@benni.is](mailto:bjorn@benni.is) Umsóknarfrestur er til og með **27. desember n.k.**

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík  
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • [www.benni.is](http://www.benni.is)



Sérfræðingar í bílum



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sálfræðingur	HÍ, náms- og starfsráðgjöf	Reykjavík	201212/026
Umsjón með mötuneyti	Iðnskólinn í Hafnarfirði	Hafnarfjörður	201212/025
Forstöðuhjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201212/024
Starf við ræstingu skurðstofa	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201212/023
Sjúkraliði	LSH, meltingar- og nýrnadeild	Reykjavík	201212/022
Rekstrarstjóri rafmagns	LSH, rafmagnsverkstæði H	Reykjavík	201212/021
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Mosfellsbær	201212/020
Lögglumenn	Lögglustjóri á Snæfellsnesi	Ólafsvík	201212/019
Stuðningsfulltrúi	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ólafsfjörður	201212/018
Sérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201212/017
Verkefnastjóri á ráðgjafarsvið	Ríkiskaup	Reykjavík	201212/016
Læknir	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201212/015
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201212/014



## KÓPAVOGSBÆR

### Spennandi störf

- **Félagsráðgjafi** á velferðarsvið
- **Félagsliði/starfsmaður** í Roðasali
- **Sjúkraliði** í Roðasali, samþýli fyrir minnissjúka
- **Byggingartæknimaður** hjá byggingarfulltrúa
- **Skólaliði** í dægradvöl Salaskóla
- **Leikskólakennari** í leikskólann Sólhvörf
- **Leikskólakennari** í leikskólann Efstahjalla

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar  
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef  
Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



## Starfsmaður óskast í bakarí Kosts!

Við leitum að ábyrgum starfsmanni í fullt starf. Unnið er alla virka daga og annan hvern laugardag.

Metnaður, rík þjónustulund, gott viðmót, snyrtimennska og íslenskukunnátta skilyrði. Áhugi á bakstri er góður kostur.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Ferilskrá sendist á [biggi@kostur.is](mailto:biggi@kostur.is).

**kostur**  
Spórum og njótum lífsins

Kostur ehf. | Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími: 560-2500 | [www.kostur.is](http://www.kostur.is)

# www.vinna.is

 [vinna.is](http://vinna.is)  
sími: 511 1144

## Við erum Intellecta



Nánari upplýsingar um störf og ráðgjafarþjónustu sem í boði er hjá Intellecta veita ráðgjafar í síma 511 1225.

Einnig er hægt að skoða heimasíðu fyrirtækisins [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). **Farið er með allar umsóknir og fyrirspurnir um störf eða þjónustu sem trúnaðarmál.**

**Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225**

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



## Journey óskar eftir öflugum og metnaðarfullum bílstjóra

### Starfssvið:

- Akstur erlendra ferðamanna
- Umsjón með viðhaldi bifreiða
- Aðstoð við verkefni á skrifstofu
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Tilskilin leyfi til aksturs fólksflutninga
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð þekking á landi og þjóð sem og reynsla af ferðamennsku
- Færni í mannlegum samskiptum, framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Reglusemi, stundvísi og öguð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta unnið undir álagi og verið sveigjanlegur hvað varðar vinnutíma.

Journey ehf. er nýtt og ferskt hópferðafyrirtæki sem þjónustar meðal annars einn af stærstu ferðaþjónustuaðilum innanlands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Jónsson: palmi@journey.is

Umsóknir berist í síðasta lagi 2. Janúar 2013 á netfangið: info@journey.is

## DEILDARSTJÓRI FRAMKVÆMDA OG ÞJÓNUSTU

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða deildarstjóra framkvæmda og þjónustu til starfa sem fyrst. Starfið heyrir beint undir framkvæmda- og veitustjóra.



### Ábyrgðar og starfssvið:

- Ábyrgð á verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis og gatnakerfis
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar
- Umsjón með sorphirðu og rekstri gámasvæðis Árborgar
- Umsjón með fráveitu Árborgar
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglur
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Áætlanagerð og forgangsörðun verkefna
- Samningagerð í samráði við framkvæmda- og veitustjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS-tæknifræði, iðnfræði eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannahaldi og stýringu verkefna
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri, í síma 480 1500 á skrifstofutíma.

Umsóknum skal fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsókn þarf að berast fyrir **21. desember n.k.** á netfangið jont@arborg.is.

## ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á [www.vinna.is](http://www.vinna.is) er umsækjendum að kostnaðarlausu!



## STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

[www.stra.is](http://www.stra.is)



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
stra@stra.is - gudny@stra.is - [www.stra.is](http://www.stra.is)



## Verkefnisstjóri nýframkvæmda

Fasteignir Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða Verkefnastjóra nýframkvæmda. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Leitað er eftir tæknifræðingi, verkfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is), þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2013



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



GARÐUR

## Kennari óskast til afleysinga vegna barnsburðarleyfis í Gerðaskóla í Sveitarfélaginu Garði frá áramótum.

Frá áramótum er um að ræða u.þ.b. 50% starf aðallega í 1. bekk, frá febrúar eða mars eykst starfshlutfallið í 100%.

Nauðsynlegt er að umsækjandi sé með kennaramenntun og/eða farsæla kennslureynslu helst meðal yngri barna.

Frekari upplýsingar gefa skólastjórnendur í síma 422-7020.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal senda á netfangið [skarpheinn@gerdaskoli.is](mailto:skarpheinn@gerdaskoli.is) fyrir 21. desember nk.

Skólastjóri



GRUND

ÞRÉLAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

## Smíður óskast til starfa

Trésmíður óskast til starfa á Grund, dvalar og hjúkrunarheimili, frá áramótum.

Þarf að geta starfað sjálfstætt og tekið að sér að stjórna framkvæmdum.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Grundar, [www.grund.is](http://www.grund.is). Nánari upplýsingar veitir Helga J. Karlsdóttir starfsmannastjóri í síma 530 6100.

## Auglýsing frá sænsk-íslenska samstarfssjóðnum

Árið 2013 verða veittir úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum ferðastyrkir til að styðja íslenska þátttakendur í sænsk-íslenskum verkefnum. Markmið sjóðsins er að stuðla að auknu samstarfi Svíþjóðar og Íslands á sviði vísinda, menntunar og menningar.

Um styrki þessa skal sótt á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á vefslóðinni [www.nordiskafonder.se](http://www.nordiskafonder.se).

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2013 og skal skila umsóknum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sjóðsins. Styrkjunum verður úthlutað í mars/apríl nk.

Stjórn sænsk-íslenska samstarfssjóðsins  
7. desember 2012



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Visir þú að...  
ofðekur er ein  
bittingarmyndin va hræslu?

STÆRSTI  
HÚSNÆÐISVEFUR  
LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **visir**

Ótrúlegt  
úrval íbúða til sölu  
eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

# Ert þú flugggáfaður?

Sabre Airline Solutions leitar að flug-gáfuðu fólki til starfa

Sabre er stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem meðal annars selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Líðsheild okkar er sterk – hjá Sabre starfa nú rúmlega 10.300 manns um allan heim, þar af 47 á Íslandi.

## Sérfræðingur í kerfisrekstri

### Starfssvið

- Uppsetning og uppfærslur kerfa viðskiptavina
- Umsjón og eftirlit með rekstri kerfa viðskiptavina
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum varðandi kerfisrekstur

### Hæfniskröfur og eiginleikar

- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hæfni í greiningu vandamála í gagnagrunnsrekstri
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
- Reynsla af Linux, Oracle, SQL, Java, Tomcat, netkerfum og Windows æskileg
- Reynsla úr flugheiminum er kostur

## Gagnagrunns-sérfræðingur, DBA.

### Starfssvið

- Uppsetning og uppfærslur gagnagrunna viðskiptavina
- Umsjón og eftirlit með rekstri gagnagrunna viðskiptavina
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum varðandi gagnagrunnsrekstur

### Hæfniskröfur og eiginleikar

- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Hæfni í greiningu vandamála í gagnagrunnsrekstri
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
- Reynsla af Linux, Oracle, SQL, Java, Tomcat, netkerfum og Windows æskileg
- Reynsla úr flugheiminum er kostur

**Sabre** / Airline Solutions

Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar næstkomandi. Umsjón með ráðningum hefur Sigurður Þórarinnsson ([Sigurdur.Thorarinsson@sabre.com](mailto:Sigurdur.Thorarinsson@sabre.com)).

Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Sími: 525 9100 [www.sabreairlinesolutions.com](http://www.sabreairlinesolutions.com)

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Rammasamningur um kaup á hreinlætisvörum**, EES útboð nr. 12950.
- **Heimsending á mat – Akstur**, EES útboð nr. 12955.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg

Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

## SEÐLABANKI ÍSLANDS



### auglýsir eftir umsóknum

um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordal

Tilgangur með styrknum er að styðja viðleitni einstaklinga sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Upplýsingar um umsóknarferilinn og mat á umsóknum eru á vef Seðlabanka Íslands.

Umsóknir skulu sendar skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands fyrir 25. janúar 2013. Fjárhæð styrksins nemur 2.000.000 kr. og verður fjárhæðinni úthlutað 5. apríl 2013. Eyðublað fyrir umsóknir eru aðgengileg á vef Seðlabanka Íslands og í afgreiðslu Seðlabankans.

Nánari upplýsingar veitir Jón Sigurgeirsson framkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra.

Seðlabanki Íslands · Kalkofnsvegi 1 · 150 Reykjavík  
Sími: 569 9600

SAFT

RÆDDU UM ÞÁ  
ÁHÆTTU SEM FYLGIR  
ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skólur

[www.saft.is](http://www.saft.is)

**Faxaflóahafnir sf**  
 Associated  
 Icelandic  
 Ports

Reykjavík  
 Grundartangi  
 Akranes  
 Borganes

## Útboð

Faxaflóahafnir sf, Orkuveita Reykjavíkur og Míla ehf óska eftir tilboðum í verkið :

### Norðurslóð Gatnagerð og lagnir 2013

Verkið felst í að leggja nýja götu, Norðurslóð, ásamt fráveitulögnum, vatnsveitu, hitaveitu, rafstrengjum og götulýsingu á fyllingu norðan fiskvinnsluhúss HB-Granda í Örfirisey.

Verklök eru 15. maí 2013.

<b>Helstu magntölur eru:</b>	
Gröftur	500 m <sup>3</sup>
Malbik	2.100 m <sup>2</sup>
Frárennslislagnir	500 m
Vatnslögn	235 m
Hitaveitulögn	360 m
Rafstrengir	500 m
Ídráttarrör/fjarskiptalagnir	750 m

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Mannvits að Grensásvegi 1, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 18. desember 2012.  
Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 15. janúar 2013 kl. 11:00.

## 15371- Fullbúið húsnæði óskast á leigu fyrir kennslu á listnáms- og hönnunarbraut við lðnskólann í Hafnarfirði

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir kennslu á listnáms- og hönnunarbraut í Hafnarfirði.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 5 ára með möguleika á framleigu um 1 ár í senn að þeim tíma liðnum. Húsnæðið skal vera fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar.

Gerð er krafa um staðsetningu húsnæðisins í göngufæri frá lðnskólanum í Hafnarfirði. Æskilegt er að húsnæðið sé á einni hæð og til staðar þarf að vera gott aðgengi.

Húsrýmisþörf er áætluð um 440 fermetrar.

Húsnæðið skal vera tilbúið til afhendingar sem fyrst.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is) frá kl. 13.00, mánudaginn, 17. desember, 2012.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15371 skulu sendar á netfangið [utbod@rikiskaup.is](mailto:utbod@rikiskaup.is) og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 19. desember 2012, en svarfrestur er til og með 20. desember 2012.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en föstudaginn 4. janúar 2013.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

## Nýbýlavegur 2

Höfum til leigu í þessu húsi ca 1100 fermetra þjónustu og iðnæðis húsnæði á efri hæð. Húsnæðið er snyrtilega innréttað með móttöku rými og og góðri aðstöðu fyrir starfsmenn í bakrými, kaffiástöðu og salernis og sturtuástöðu. Vinnusalur er flísalagður með flúorlýsingu. Í bakhluta eru afstúkað lagerrými. Fjórar innkeyrsluhurðir eru á húsinu. Húsnæðið hýsti áður starfssemi þjónustuverkstæðis Toyota en hentar undir margvíslega starfssemi. Stutt er í stofnbrautir.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Miðgarðs s: 578-5544 eða Brandur Gunnarsson s: 897-1401.

Miðgarður fasteignasala - Sími: 578-5544 -  
Guðbjarni Eggertsson, Löggiltur fasteignasali hdl.

# www.vinna.is

vinna.is  
 sími: 511 1144

## Auglýsing framboðsfrest

**Til trúnaðarráðs Eflingar stéttarfélags.** Kjörstjórn Eflingar stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar trúnaðarráðs félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2014. Tillögur skulu vera um 115 trúnaðarráðsmenn til tveggja ára samkvæmt 15. gr. laga félagsins. Listi uppstillingarnefndar, stjórnar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með föstudeginum 14. desember 2012. Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12 á hádegi föstudaginn 21. desember nk. Lista skulu fylgja meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn  
Eflingar-stéttarfélags

## Menntaáætlun Nordplus 2013

Auglýst eftir styrkumsóknum til menntasamvinnu á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum

Nordplus, menntaáætlun Norræna ráðherranefndarinnar 2012-2016, auglýsir eftir styrkumsóknum árið 2013. Markmið Nordplus er að stuðla að gæðum og nýsköpun í menntun á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum. Styrkir eru veittir til ýmskonar samstarfsverkefna, samstarfsneta og heimsókna. Samstarf byggir á yfirlýstri samvinnu menntastofnana og/eða annarra þátttakenda. Heildarfjármagn menntaáætlunar Nordplus starfsárið 2013 er u.þ.b. 9 milljónir evra.

Menntaáætlun Nordplus felur í sér fimm undiráætlanir. Umsóknir í áætlunina skulu vera í takt við almenn markmið Nordplus ásamt því að falla vel að einni undiráætlun. Nánari upplýsingar í handbók Nordplus.

**Nordplus Junior**

- Styrkir samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla í þáttökulöndum með skólaheimsóknum, verkefnum og samstarfsnetum.
- Stuðlar að gæðum, nýsköpun og hugviti í menntun og hvetur til náms fyrir alla.
- Hvetur til aukinnar þekkingar á tungumálum og menningu Norðurlanda og Eystrasaltslanda og styrkir skólaheimsóknir sem miða að því að efla norræn tungumál.
- Styrkir samvinnu á milli atvinnulífs og leik-, grunn- og framhaldsskóla.

**Nordplus fyrir háskólastigið**

- Styrkir samvinnu á milli skóla á háskólastigi í þáttökulöndunum og kemur á samstarfsnetum um nemenda- og kennaraskipti. Lögð er áhersla á upplýsingar um reynslu, góð vinnubrögð og frumlegar niðurstöður.
- Styrkir jafnframt samvinnu á milli skóla á háskólastigi og annarra stofnana og félagasamtaka sem starfa á sviði háskólamenntunar, sérstaklega er varðar tengingu og samstarf menntunar og atvinnulífs.

**Nordplus Voksen**

- Styrkir samvinnu og samstarfsnet þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu (t.a.m. menntastofnana, fyrirtækja, frjálsra félagasamtaka og annarra stofnana).
- Styrkir námsferðir og verkefni sem miða að auknum gæðum, þróun og nýsköpun á öllum sviðum fullorðinsfræðslu.

**Nordplus Horizontal**

- Styrkir samstarfsverkefni og samstarfsnet sem stuðla að samvinnu á milli sviða menntageirans (til að mynda á milli háskóla og grunnskóla).
- Stuðlar að auknu samstarfi við aðila utan hefðbundinna menntastofnana, bæði opinberra stofnana og einkaaðila.

**Nordplus tungumálaáætlunin (ath. töluverðar breytingar á áætluninni)**

- Styður verkefni sem auka skilning og þekkingu á norrænum tungumálum (einkum dönsku, norsku og sænsku), með sérstaka áherslu á börn og ungmenni.
- Styrkir þróun námsefnis, kennsluáðferða og áætlana sem miða að þekkingu á norrænum tungumálum á öllum menntastigum.

Nánari upplýsingar ásamt skráningu á póstlista má finna á heimasíðu Landskrifstofu Nordplus: [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is)

Umsóknarfrestur í öllum hlutum Menntaáætlunar Nordplus er 1. mars 2013

Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið Espresso

Leiðbeiningar og frekari upplýsingar á [www.nordplisonline.org](http://www.nordplisonline.org)

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2012/2013 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 628, 13. júlí 2012

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskraðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1074/2012 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Stykkishólmsbær  
Húnaþing vestra (Hvammstangi)  
Vopnafjarðarhreppur**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluáðila, á eyðublaðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([fiskistofa.is](http://fiskistofa.is)), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. desember 2012.**

Fiskistofa, 14. desember 2012.

## Stekkjarhvammur 18

220 Hafnarfjörður  
GOTT VERÐ Á FRÁBÆRUM STAÐ!!!!

Stærð: 245,1 fm  
Fjöldi herbergja: 9  
Byggingarár: 1984  
Fasteignamat: 39.000.000  
Bílskúr: Já

**RE/MAX**  
Lind



Opið Hús

Opið hús sunnud. 16 des frá 16:00-16:30

Verð: 39.500.000



Neðri hæð: Komið er inn í forstofu ágætis fataskápur, flisar á gólf. Bjart og opið hol, flisar á gólf. Opið er á milli stofu og borðstofu þetta er bjart og fallegt rými útgengt út í garð frá borðstofu, flisar og parket á gólfum. Eldúsi með ljósi innréttingu, gaseldavél, dükur á gólf, í eldhúsi er góður borðkrókur sem í dag er nýttur sem vinnuástaða. Þvottahús, góð vinnuástaða, ágætis innrétting. Útgengt á hellulagða verönd frá þvottahúsi. Snýrtileg gestasnyrtning, flisar á gólf. Góður stigi með parket á þrepum liggur frá holi upp á efri hæð, undir stiganum er geymslupláss. Efri hæð: Ágætis sjónvarpsherbergi, útgengt út á suður svalir. Rúmgöður svefnherbergisgangur, rúmgott hjónaherbergi. Þrjú góð barnherbergi, parket á gólf á allir hæðinni. Ágætis fataherbergi. Baðherbergið er sérstaklega rúmgott með baðkari, sturtu og ljósi innréttingu, flisar á gólf og veggjum. Ris: Gengið er upp stiga með viðarþrepum frá sjónvarpsherbergi upp í ris. Mjög gott herbergi og inn af því er annað minna herbergi sem mæti nýta sem svefnherb-fataherbergi, þakkluggar í herbergjum. Ágætis bílskúr. Raðhús á rölegum og barnvænum stað í Hafnarfirði.

Benedikt Ólafsson  
Sölufulltrúi  
6617788  
bo@remax.is



Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
5107900  
thorarin@remax.is



RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

ATVINNA |

15. desember 2012 LAUGARDAGUR



**LAUGARDAGSKAFFIÐ**  
MEÐ ATLA FANNARI  
OG HÁUK MÖRÐINGJA

SVART OG SYKURLAUST  
KL. 15 - 17

## Rótgróinn ljósmyndarekstur til sölu

Til sölu er rótgróinn rekstur í sérhæfðri ljósmyndabjónustu fyrir hóp- og einstaklingsmyndir í skólum og leikskólum. Verkefni henta sérstaklega vel meðfram rekstri hefðbundinnar ljósmyndastofu en geta einnig verið tilvalið upphaf sjálfstæðs reksturs á sviði ljósmyndabjónustu.

- > Sextíu fastir viðskiptavinir í skólakerfinu.
- > Löng og farsæl viðskiptasaga.
- > Árleg velta um 14 milljónir.
- > Lén, vefverslun og stór rafrænn gagnabanki fylgir.
- > Seljandi aðstoðar við tengslamyndun.

Áhugasamir sendi fyrirspurnir á [gunnar@virtus.is](mailto:gunnar@virtus.is)



VIRTUS

BÓKHOLD / LÖGMENN / ENDURSKOÐUN / FYRIRTÆKJARÁÐGGJÖF

Skipholti 50 d 105 Reykjavík / Pverholt 2 270 Mosfellsbæ  
Sími 414 3200 Símbref 414 3249 [www.virtus.is](http://www.virtus.is)

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

## HRAUNHAMAR

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

### Hjallabraut 19 Hf. - Auðveld kaup



Falleg 5 herbergja íbúð á þriðju hæð í snyrtilegu fjölbýli. Auðveld kaup, Eignar skiptist m.a. í 4 svefnherbergi, stofu, endurnýjað eldhús, allt snyrtilegt, Gólfefni eru parket og flisar. Falleg eign á góðum stað í Hafnarfirði. Stutt í skóla og alla þjónustu. **V. 25,6 millj. Áhvilandi hagstætt lán frá Íbúðalánasjóði að upphæð. 23,8 millj.** Nánari uppl. veitir Hlynur í s.698-2603.

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

## 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • [www.101.is](http://www.101.is)  
Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson

### Kristnibraut 8 – 113 Reykjavík

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 16 DESEMBER  
MILLI KL : 14:00-14:30



Stór glæsileg 143,4fm 4ra herb. íbúð á 4 hæð (efstu) í góðu lyftuhúsi ásamt 26,7fm bílskúr. Einstakt útsýni, þaksvallir. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, 3 herb., stofu, borðstofu, bað, eldhús og sólstofu. Mjög vandaðar innréttingar. Tvennar svalir. Ótrúlegt útsýni. **V-49millj. Sölumaður verður á staðnum**

## GRENSÁSVEGUR 16



### 186,4 FM. SKRIFSTOFUHÆÐ TIL SÖLU EÐA LEIGU

Hæðin er á þriðju hæð. Skiptist í 4 skrifstofur, opið miðjurými, eldhús, bað og tólvurými. Getur leigst út í heilu lagi eða í hluta. Hagstætt leiguverð. Óskað er eftir tilboði í eignina



MAGNÚS EINARSSON  
Löggiltur fasteignasali  
Sími: 512 4900

Nánari upplýsingar veitir  
Magnús Einarsson, löggiltur  
fasteignasali í síma 897 8266  
og inn á [www.landmark.is](http://www.landmark.is)

## SÍÐUMÚLI 27



### 154 FM. ATVINNUBIL MIÐSVÆÐIS TIL LEIGU

Mjög snyrtilegt og bjart. Góð lofthæð. Innkeyrsluhurð og gönguhurð. Hús nýlega áklætt að utan og plan malbikað. Hentar vel undir ýmsa starfssemi. **Leiguverð 180.000 kr**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

## Til sölu „Dóttakassi“ á góðu verði



Um er að ræða 200m² steinsteypt iðnaðarhúsnæði sem stendur á 3.015 fm eignarlóð á friðsælum stað á Kjalarnesi með útsýni beint út á sjó. Húsið hefur nýlega verið málað að utan sem inn og er með nýju rafmangsinntaki og töflu. Tvær iðnaðarhurðir eru á húsinu ein innkeyrsludyr og önnur hleðsludyr. Hentar vel þeim sem þurfa geymslupláss bæði úti og inni, en ákveðin vörn felst í staðsetningunni.

Verð 15,5 millj.  
(rúml.75þús/m²),  
ekkt áhv.

Nánari upplýsingar  
veitir Guðlaugur  
s. 896 0747.


Fasteignasalan  
**Tröð**

Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími 511 2900  
Jón Briem lögg. fasteignasali  
Opið virka daga frá kl. 9-17



## Ljósvallagata – Hæð 101 Reykjavík

Glæsileg hæð samtals 126,3 fm  
Rúmgott, mikið endurnýjað eldhús  
Vestursvalir  
Þvottahús innan íbúðar



Nánari upplýsingar veitir  
Jörunn Skúladóttir  
sölufulltrúi  
sími: 845 8958  
jorunn@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson  
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **40,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **569 7000** Síðumúli 13 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -